

uppkvaðningu dómsins að telja. Áfrýjun frestar ekki áhrifum dómsákvæðis þessa, sbr. 5. mgr. 81. gr. umferðarlaga og 178. gr. laga nr. 74/1974.

Ákærða greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun verjanda hennar, Páls A. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 3.500.00.

D ó m s o r ð:

Ákærða, Erna Geirlaug Mathiesen, greiði kr. 5.000.00 í sekt til ríkissjóðs innan 4 vikna frá uppkvaðningu dóms þessa, en sæti ella varðhaldi í 10 daga.

Ákærða er svipt ökuréttindum í 12 mánuði frá uppkvaðningu dómsins að telja. Áfrýjun frestar ekki áhrifum dómsákvæðis þessa.

Ákærða greiði allan sakarkostnað, þ. m. t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda, kr. 3.500.00.

Föstudaginn 27. maí 1983.

Nr. 103/1983. **María Magnúsdóttir**

gegn

Elínbjörgu Eggertsdóttur

Heimi Jenssyni

Árna Jenssyni

Þóroddi Skaftasyni og

John W. Sewell.

Kærumál. Frávísunardómur staðfestur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma Sigurgeir Jónsson hæstaréttardómari og Gaukur Jörundsson og Guðmundur Skaftason, settir hæstaréttardómarar.

Með kæru 3. maí 1983, sem barst Hæstarétti 19. sama mánaðar, hefur sóknaraðili samkvæmt heimild í b lið 1. tl. 21. gr. laga nr. 75/1973 skotið hinum kærða frávísunardómi til Hæstaréttar. Krefst hann þess, að dómurinn verði úr gildi felldur og að lagt verði fyrir héraðsdómarann að dæma málið að efni til.

Varnaraðiljar Elínbjörg Eggertsdóttir, Heimir Jensson og Árni Jensson hafa lagt fram greinargerð og krafist þess, að hinn kærði frávísunardómur verði staðfestur. Þá krefjast þeir málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Varnaraðiljarnir Þóroddur Skaftason og John W. Sewell hafa ekki sent Hæstarétti kröfur né greinargerðir.

Eins og greinir í hinum kærða dómi, hefur sóknaraðili höfðað mál þetta á hendur varnaraðiljum til staðfestingar á eignarrétti sínum að húseigninni nr. 3 B við Veltusund í Reykjavík, en í raun virðist þar fyrst og fremst vera um að ræða kröfu um viðurkenningu á lögmæti riftunar sóknaraðilja á kaupsamningi frá 1. október 1980 milli hennar og varnaraðilja Elínbjargar Eggertsdóttur, Heimis Jenssonar og Árna Jenssonar. Í málinu skortir á, að af hálfu sóknaraðilja sé skýr afstaða tekin til veigamikilla atriða, sem varða heimild hennar til riftunar umrædds samnings.

Að þessu athuguðu ber að staðfesta hinn kærða dóm.

Rétt þykir, að kærúmálskostnaður falli niður.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði dómur á að vera óraskaður.

Kærúmálskostnaður fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 27. apríl 1983.

I.

Mál þetta, sem tekið var til dóms eða úrskurðar 12. apríl sl., höfðaði María Magnúsdóttir, Lindarbraut 45, Seltjarnarnesi, nnr. 6442-9698, fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 21., 22. og 23. október 1982, gegn Elínbjörgu Eggertsdóttur, Laufásvegi 20, Reykjavík, nnr. 1988-6280, Heimi Jenssyni, sama stað, nnr. 3870-6869, Árna Jenssyni, Hraunbrún 28, Hafnarfirði, nnr. 0522-6139, Þóroddi Skaftasyni, Æsufelli 4, Reykjavík, nnr. 9714-5814, og John W. Sewell, Karlagötu 13, Reykjavík, nnr. 5181-2255, til staðfestingar á eignarrétti stefnanda á fasteigninni Veltusundi 3 B, Reykjavík.

Stefndu Þóroddur Skaftason og John W. Sewell gera þær dómkröfur, að kröfum stefnanda verði synjað og þeim til dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda.

Stefndu Elínbjörg Eggertsdóttir, Heimir Jensson og Árni Jensson gera

þær dómkröfur aðallega, að máli þessu verði vísað frá dómi og stefnanda verði gert að greiða þeim málskostnað að mati réttarins.

Frávisunarkrafa þessi er hér til úrlausnar.

II.

Í stefnu er málavöxtum og málsástæðum lýst þannig:

„Meginatriði málavaxta eru þau, að stefnandi varð eigandi fasteignarinnar Veltusund 3 B, Reykjavík, með heimildarbréfi, dagsettu 1. maí 1938. Rak hún húsið Veltusund 3 B, Reykjavík, einkum með útleigu til atvinnurekstrar aðila um áratugaskeið, en 1. okt. 1980 gerði stefnandi samning við stefndu Elínbjörgu, Heimi og Árna um sölu á eigninni til þeirra fyrir gkr. 110.000.000,- eithundraðogtíumilljónir gkróna. Þessi samningur gerði ráð fyrir, að kaupverð eignarinnar yrði greitt þannig, að við undirritun kaupsamnings yrðu greiddar gkr. 10.000.000,- og síðan yrðu greiddar átta gkr. 12.500.000,- greiðslur dagana 30. mars og 30. september árin 1981 til og með 1984, og skyldu greiðslur merktar með tölulíðum 4—8 bera 26% ársvexti frá 1. október 1980 til greiðsludaga, og er af stefnanda talið, að þar sé um að ræða greiðslur frá og með 30. mars 1982.

Áður en til þes kæmi, að stefndu Elínbjörg, Heimir og Árni efndu samning sinn við stefnanda frá 1. október 1980, nema hvað varðar greiðslu við samningsundirritun, munu þau hafa talið sig selja stefndu Þóroddi og John húseignina Veltusund 3 B, Reykjavík, ásamt tilheyrandi eignarlóð með samningi, dags. 20. nóvember 1980. Verð við hina meintu sölu 20. nóvember 1980 var gkr. 120.000.000,- en greiðslur féllu að verulegu leyti saman við greiðslur í samningi frá 1. október 1980. Tekið skal fram, að stefnandi vissi þá, þ. e. um og eftir 20. nóv. 1980, ekki um þessi meintu aðilaskipti að kaupum á húsinu. Er heldur ekki kunnugt, að Sverri Sigurðssyni, látnum eiginmanni stefnanda, sem annaðist að mestu um mál varðandi Veltusund 3 B Rvík., fyrir stefnanda, hafi vitað um þessi meintu aðilaskipti að kaupunum fyrr en allnokkru eftir að þau voru gerð. Bárust þeim þá óljósar upplýsingar um það. Síðar var stefnanda kunnugt, að stefndi Þóroddur átti skipti við umboðsmann stefnanda, Lárus Halldórsson, lögg. endurskoðanda, um greiðslur, og virtist stefnanda, að stefndi Þóroddur teldi sig eiga einhverja aðild að málinu, sem kom fram á þann hátt, að óskað var eftir af hans hálfu eftir fresti á greiðslu kaupverðs að því er stefnandi taldi á samningnum frá 1. október 1980. Stefnanda var ókunnugt um fyrr en um eða eftir 6. júlí 1982, að stefndi John W. Sewell taldi sig hafa keypt húsið Veltusund 3 B, Rvík.

Hvað varðar framhald efnda samningsins frá 1. október 1980 gagnvart stefnanda, ber þess að geta, að greiðslur hafa borist seint og illa til stefnanda, og er einnig talið, að það hafi átt sér stað gagnvart umboðsmanni

stefnanda, Lárusi Halldórssyni. Hefur stefnandi til að mynda ekki enn fengið greidda að fullu fyrstu greiðslu samkvæmt samningnum frá milli-göngumanni um kaupin frá 1. október 1980, Pétri Einarssyni, en Lárus Halldórsson fékk Jón Þóroddsson, lögmann, til að vinna að því máli. Síðari greiðslur hafa ekki borist með skilum, og greiðsla, sem inna átti af hendi 30. mars 1982, kr. 125.000,- ásamt 26% ársvöxtum af kr. 750.000,- frá 1. október 1980 til 30. mars 1982, sem af stefnanda eru taldar vera kr. 487.500,- eða alls kr. 612.500,- hefur ekki verið greidd. Voru stefnda Þóroddi þó veittir ítrekaðir frestir á vormánuðum þessa árs, þ. e. 1982, til að inna greiðsluna af hendi. Hinn 16. júní 1982 veitti Lárus Halldórsson af hálfu stefndanda stefnda Þóroddi frest í fammtán daga til að inna greiðsluna af hendi, en áskildi annars allan rétt vegna vanefnda, m. a. til riftunar. Þegar ekki hafði verið greitt 6. júlí 1982, var stefnda Þóroddi tilkynnt riftun kaupa með símskeyti. Síðar þegar fyrir lágu upplýsingar um meinta aðild stefnda John W. Sewell, var áréttað gagnvart umboðsmanni hans, Páli Arnóri Pálssyni, hrl., að „riftunin“ væri einnig talin gilda gagnvart stefnda John. Enn síðar, eða 20. ágúst 1982, þegar fyrir lá, hversu óglögg meint aðilaskipti að kaupum á Veltusundi 3 B, Rvík., voru frá stefndu Elínbjörgu, Heimi og Árna til stefndu Þórodds og Johns og án vitundar stefnanda, voru stefndu Elínbjörgu, Árna og Heimi send símskeyti og tilkynnt um riftun sölunnar hinn 1. október 1980 til þeirra.

Hinn 30. september 1982 átti samkv. samningnum frá 1. okt. 1980 um Veltusund 3 B, Rvík., að greiða afborgun kr. 125.000,- og 26% ársvexti af kr. 600.000,- frá 30. mars 1982 til 30. sept. 1982, eða kr. 78.000,- eða alls kr. 203.000,-. Engar óskir hafa komið frá stefndu um að greiða þá fjárhæð.

Stefnandi hefur tekið við greiðslum samkv. samningnum frá 1. október 1980. Ef hann hefði verið efndur réttilega fram til 29. mars 1982, hefðu þær greiðslur átt að nema nýkr. 100.000,- við undiritun samnings, kr. 173.750,- hinn 30. mars 1981 og kr. 190.000,- 30. sept. 1981. Af hálfu stefnanda er talið, að greindar fjárhæðir hafi ekki verið inntar réttilega af hendi til umboðsmanna stefndanda, þótt gert sé ráð fyrir, að meginhluti greiðslanna hafi verið inntur af hendi. Hið er einnig talið af stefnanda, að stefndu hafi tekið við leigugreiðslum vegna Veltusunds 3 B, Rvík., frá 1. janúar 1981 og greitt einhver gjöld vegna eignarinnar. Er mánaðarleg leiga nú talin vera yfir kr. 20.000,- á mánuði.

Af hálfu stefnanda er talið, að uppgjör vegna greiðslna, sem stefnandi eða umboðsmenn hans hafa tekið við vegna ráðgerðrar sölu á Veltusundi 3 B, Rvík., svo og uppgjör vegna tekna og gjalda af Veltusundi 3 B, Rvík., frá 1. janúar 1981 eigi eftir að fara fram og sé það óháð þessu máli, sem höfðað er til að fá staðfestan ótvíræðan eignarrétt stefnanda að húseigninni

Veltusund 3 B, Rvík. Stefnanda er mikil nauðsyn á að fá eignarrétt sinn að húseigninni Veltusund 3 B, Rvík., staðfestan með dómi, einkum vegna þess að leigjendur þeir, sem nú hafa húsið til afnota, telja, að ekki liggi ljóst fyrir, hver sé raunverulegur eigandi þess.

Af hálfu stefnanda hefur síðan í júlí 1982 verið reynt að afla upplýsinga um mál varðandi sölu hússins Veltusunds 3 B, Rvík., og tekjur og gjöld þess, síðan salan samkvæmt samningnum frá 1. okt. 1980 átti sér stað. Það hefur torvelað mjög alla upplýsingaöflun, að stefnandi er sjálfur aldradur og heilsuveill og hefur af þeim sökum lítið unnið sjálfur að málinu. Eiginmaður stefnanda, Sverrir Sigurðsson, sem einkum sá um söluna samkv. samningnum frá 1. okt. 1980, lést 28. nóv. 1981 og átti áður við vanheilsu að stríða. Milligöngumaður um söluna 1. október 1980, Pétur Einarsson, hefur verið seinn til að láta af hendi greiðslur, sem talið er, að hann hafi tekið við, og upplýsingar hans um viðskiptin hafa verið óglöggar. Af þeim sökum m. a. hafa uppgjör aðstoðarmanna stefnanda, Lárusar Halldórssonar og Jóns Þóroddssonar, komið seint og verið að nokkru háð sömu annmörkum. Stefndu Þóroddur og John hafa ekki viljað gefa upplýsingar um greiðslur, hvorki þær meintu greiðslur, sem þeir telja sig hafa innt af hendi vegna meintra kaupa sinna, né heldur greiðslur vegna tekna og gjalda af húseigninni Veltusundi 3 B, Rvík. Leitað hefur verið til leigjenda með upplýsingar um þær greiðslur, sem þeir telja sig hafa innt af hendi um nokkurt skeið, en án umtalsverðs árangurs. Ekkert hefur heyrst frá stefndu Elínbjörgu, Heimi og Árna þrátt fyrir símskeytasendingar og bréfaskriftir.

Málsástæður:

Af hálfu stefnanda eru bornar fram þessar málsástæður fyrir kröfum stefnanda um staðfestingu á eignarrétti hans að húsinu Veltusundi 3 B, Reykjavík: Gagnvart stefndu Elínbjörgu, Heimi og Árna er talið, að þau hafi með samningnum frá 20. nóvember 1980 fallið frá rétti sínum til hússins og aðgerðarleysi þeirra gagnvart húseigninni Veltusundi 3 B, Rvík., síðan og sinnuleysi þeirra gagnvart skuldbindingum þeirra við stefnanda, sbr. greiðslufall greiðslna pr. 30. mars 1982, kr. 612.500,- og greiðslu pr. 30. sept. 1982, kr. 203.000,-, firrt sig öllum rétti til hússins. Gagnvart stefndu Þóroddi og John Sewell er af stefnanda aðallega talið, að ekki hafi komist á samningur milli stefnanda og þeirra og því hafi þeir ekki öðlast kauprétt á húsinu. En verði slíkur kaupréttur talinn hafa myndast, er af stefnanda talið, að hann hafi fallið niður með stórfelldum vanskilum á greiðslum pr. 30. mars 1982, kr. 612.500,- og kr.203,- pr. 30. sept. 1982.

Riftun stefnanda á meintum kaupum stefndu Þórodds og John W. Sewells stafaði af mjög ófullkomnum upplýsingum um eðli þeirra viðskipta, sem talin voru hafa átt sér stað.

Tekið skal fram, að í skjölum Gjaldheimtunnar í Reykjavík og Fasteignamats ríkisins er húseign stefnanda að Veltusundi 3 B, Rvík., talin vera Veltusund 3 A, Rvík.“

III.

Af hálfu stefndu Elínbjargar, Heimis og Árna er frávisunarkrafan rökstudd með því, að samkvæmt kröfugerð stefnanda þá virðist sem gerð sé krafa um að fá dæmdan eignarrétt að húsinu nr. 3 B við Veltusund í Reykjavík til handa stefnanda. Eignardómsmál séu rekin með afbrigðilegum hætti, sbr. XIX. kafla laga nr. 85/1936, og beri þegar af þeirri ástæðu að vísa málinu frá dómi. Þá mundi dómur, sem tæki til greina kröfu stefnanda, vera bindandi fyrir mun fleiri aðilja en þá, sem séu aðiljar að máli þessu. Einnig er á það bent, að allri kröfugerð stefnanda sé mjög áfátt og í stefnu sé þvælt um málsatvik fram og til baka á mjög ruglingslegan hátt, þannig að stefnan geti vart talist gerð í anda VIII. kafla laga nr. 85/1936.

Við munnlegan málflutning um frávisunarkröfuna var því haldið fram af hálfu stefndu Elínbjargar, Heimis og Árna, að stefnandi geri enga grein fyrir þeim greiðslum, sem hann hafi fengið fyrir eignina. Það sé ekki sök stefndu, ef umboðsmenn stefnanda, þeir Lárus Halldórsson og Pétur Einarsson, hafi ekki staðið í skilum. Stefnandi verði að sýna fram á, hvað hann hafi fengið greitt og hvaða vanskil sé um að ræða. Öll kröfugerð og rökstuðningur stefnanda sé með þeim hætti, að vísa beri málinu frá dómi.

Af hálfu stefndu Þórodds og John var tekið undir frávisunarkröfuna, ekki vegna þess, að reka beri mál þetta sem eignardómsmál, heldur vegna vanreifunar. Riftunarkrafa stefnanda virðist byggð á vanefndum, en ekki sé hægt að sjá af stefnu, hvaða vanefndir hafi orðið. Stefnandi ýmist viðurkenni stefndu John og Þórodd sem viðsemjendur sína eða afneiti þeim alveg.

Af hálfu stefnanda var þess krafist, að frávisunarkröfunni verði hrundið. Eignardómsstefna í þessu máli sé út í bláinn. Viðurkennt var, að ýmsar upplýsingar vanti í málið, en erfitt hafi verið um upplýsingaöflun vegna veikinda stefnanda. Líklega hafi greiðslur skv. liðum 1—3 á dskj. 7 borist til umboðsmanns stefnanda, en erfitt hafi verið að ná inn fjárhæðum frá Pétri Einarssyni. Stefnandi hafi ekki boðið fram endurgreiðslu á því, sem hún hafi fengið í hendur, en margoft óskað eftir upplýsingum frá stefndu, til þess að hægt yrði að ganga frá uppgjöri.

Aldrei hafi myndast löglegt réttarsamband á milli stefnanda og stefndu John og Þórodds, þess vegna sé riftun þarflaus gagnvart þeim. Það sé einnig óljóst, hvort rétt hafi verið að krefjast riftunar gagnvart stefndu Elín-

björgu, Heimi og Árna, og þess vegna hafi verið valin sú leið að höfða mál til viðurkenningar á eignarrétti stefnanda.

Kröfugerð í máli þessu sé ljós, svo sé einnig um vanskil, þau séu ljós, en greiðslur óljósar. Víst sé, að greiðslur 30. mars 1982 og síðar hafi ekki borist. Málalilbúnaður stefnanda sé ekki óljós, en málsatvik séu óljós.

IV.

Niðurstaða.

Fallast ber á það með stefnanda, að mál þetta falli ekki undir XIX. kafla laga nr. 85/1936 þegar af þeirri ástæðu, að stefnandi hefur heimildarbréf að réttindum þeim, sem hún öðlaðist yfir fasteigninni Veltusundi 3 B, Reykjavík, 1. maí 1983.

Þegar litið er til kröfugerðar og málalilbúnaðar stefnanda, sem rakinn hefur verið hér að framan, þá þykir bera að taka til greina kröfu um frávisun málsins vegna óljóss málalilbúnaðar stefnanda.

Eftir atvikum þykir rétt, að hver aðili beri sinn kostnað af málinu. Auður Þorbergsdóttir borgardómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 27. maí 1983.

Nr. 83/1983. **Félagsmálaráðherra**

gegn

Einari Jónassyni.

Kærumál. Skipti. Ríkisábyrgð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson og Halldór Þorbjörnsson.

Sóknaraðili hefur skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 5. apríl 1983, sem barst réttinum 18. apríl 1983. Hann krefst þess, að úrskurðurinn verði úr gildi felldur og tekin til greina sú krafa, er hann gerði fyrir skiptaréttinum, „að vinnulaunakrafa varnaraðilja á hendur þrotabúi Baldvins G. Heimissonar falli utan